

Ed.

461. Frumvarp til laga

[172. mál]

um aðstoð við vangefið fólk.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Af alls konar gosdrykkjum og öli, sem framleitt er hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skal í næstu 5 ár greiða gjald, sem rennur til framkvæmdasjóðs Styrktarfélags vangefinna, er stofnað var hinn 23. marz 1958, og vera að fjárhæð 10 aurar af hverri flösku.

2. gr.

Gosdrykkja- og ölgerðir skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr., og innheimtist það með tolltekjum ríkisins.

3. gr.

Verð á gosdrykkjum og öli, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka sem gjaldinu nemur. Telst gjaldið ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts og gjalds til útflutningssjóðs.

4. gr.

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til þess að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk, og skulu þær ráðstafanir gerðar í samráði við hlutaðeigandi ráðherra og með samþykki hans.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1958.